

Origo hf. - Framboð til stjórnar á aðalfundi félagsins 21. mars 2023

Reykjavík, 17. mars 2023

Aðalfundur Origo hf. verður haldinn þriðjudaginn 21. mars 2023 kl. 14:00 í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37, Reykjavík. Skráning hluthafa og umboðsmanna fer fram á heimasíðu félagsins á vefslóðinni <https://www.origo.is/fjarfestar/hluthafafundur> þar sem einnig er að finna leiðbeiningar um skráningu. Rafræn skráning lokar kl. 14:00 þann 20. mars 2023.

Eftirtalin hafa gefið kost á sér til setu í aðalstjórn Origo hf. sem kjörin verður á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2023:

1. Ari Daníelsson: kennitala: 200772-5399
2. Auður Björk Guðmundsdóttir: kennitala: 150866-4059
3. Árni Jón Pálsson, kennitala: 111290-2969
4. Baddy Sonja Breidert, kennitala: 290280-3629
5. Hjalti Þórarinsson, kennitala: 290175-3649

Ari Daníelsson tók sæti í stjórn Origo hf. árið 2022. Hann er framkvæmdastjóri og stjórnarmaður hjá Reviva Capital S.A. í Lúxemborg. Ari hefur gegnt fjölmörgum stjórnarstörfum í fyrirtækjum á fjármálamarkaði, í greiðslumiðlun og í upplýsingatækni á Íslandi og erlendis á undanförunum 20 árum, og situr í stjórn Íslandsbanka. Ari Daníel er tölvunarfræðingur og MBA frá Háskólanum í Reykjavík, auk þess að hafa lokið viðbótarnámi í stjórnarháttum alþjóðlegra fyrirtækja (IDP) frá INSEAD viðskiptaháskólanum í Frakklandi.

Auður Björk Guðmundsdóttir kom sem stjórnarmaður inn í stjórn Origo hf. árið 2021. Auður Björk er rekstrarstjóri (COO) hjá fjárfestingafélaginu InfoCapital ehf. Hún var áður framkvæmdastjóri hjá fjárfestingarfyrirtækinu Two Birds og framkvæmdastjóri Sölu og þjónustusviðs hjá VÍS í rúm 12 ár. Auður Björk hefur víðtæka reynslu af sölu-, markaðsmálum og stefnumótun. Hún situr í stjórn Varðar trygginga, Íslandspósti og Interneti á Íslandi. Auður Björk er með BA-próf í fjölmiðlafræði frá University of South Alabama, MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík og AMP próf frá IESE viðskiptaháskólanum í Barcelona.

Árni Jón Pálsson hefur starfað í átta ár á fjármálamarkaði og vann m.a. í fyrirtækjaráðgjöf Icora Partners, þar sem hann vann að verkefnum á sviði fjármögnunar, endurskipulagningar og kaupum og sölu fyrirtækja. Árni Jón hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum, þar á meðal hjá Heimavöllum og sem stjórnarformaður Borgarplasts og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar. Áður starfaði hann hjá Arctica Finance og þar á undan Landsbankanum. Árni Jón er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði og fjármálaverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Baddy Sonja Breidert er einn stofnenda og eigenda 1xINTERNET, einni stærstu Drupal vef stofu í Evrópu en hún er einnig formaður stjórnar alþjóðlegu Drupal samtakanna, The Drupal Association. Baddy á sæti í stjórn þýskíslenska verslunarráðsins og var um árabíl fjárfestingaráðgjafi fyrir Brú Venture Capital og Thule Investments. Baddy er með B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. í Engineering Management frá Technical University í Vín.

Hjalti Þórarinsson tók sæti í stjórn Origo hf. (áður Nýherja) í mars 2017. Hann er framkvæmdastjóri hjá Marel. Hjalti stundaði nám í rafmagns- og tölvuverkfræði í HÍ 1995-1998 og lauk MBA námi frá MIT í Bandaríkjunum. Hjalti átti þátt í stofnun hugbúnaðarhússins Dímon árið 1998. Eftir MBA námið vann Hjalti í höfuðstöðvum Microsoft í 11 ár, og leiddi þar viðskiptaþróun fyrir gervigreind.

Verði tillaga AU 22 ehf. til aðalfundar Origo hf. um breytingu á samþykktum félagsins og kosningu til varastjórnar hafa eftirtalin gefið kost á sér sem varamenn stjórnar Origo hf:

1. Sigurður Valtýsson, kt. 150867-3129
2. Rakel Guðmundsdóttir, kt. 020991-2089

Sigurður Valtýsson er framkvæmdastjóri Frigus Family Office og situr í fjölmörgum stjórnnum innlendra félaga, Frigus, Frigus II, Frigus fjárfestingar og Svalt. Sigurður hefur verið í stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands frá upphafi og sat í stjórn Samtaka banka of fjármálafyrirtækja. Auk þess er Sigurður fyrrum stjórnarformaður VÍS og Lýsingar (Lykils). Þá sat hann í stjórn Lánstraust (CreditInfo) og Öryggismiðstöðvarinnar og er fyrrum stjórnarmeðlimur í ýmsum dótturfélögum MP Fjárfestingarbanka auk Exista. Hann var annar af tveimur forstjórum Exista hf. og áður framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og síðar forstjóri MP Fjárfestingarbanka. Þá var hann framkvæmdastjóri Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. Sigurður er með BA próf í hagfræði og hefur hlotið löggildingu í verðbréfamiðlun.

Rakel Guðmundsdóttir starfar sem eignarhaldsstjóri Alfa Framtak en Alfa Framtak er rekstraraðili sérhæfðra sjóða með áherslu á framtaksfjárfestingar. Rakel hefur starfað hjá Alfa Framtak frá árinu 2018 og ber ábyrgð á stefnumótun félaga í eigu sjóðsins og að fylgja eftir virðisaukandi aðgerðum á eignarhaldstíma sjóðsins. Rakel hefur víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja, m.a. sem snýr að fjármálum, ferlum, hagræðingaraðgerðum, mannauðsmálum og breytingastjórn. Rakel situr í stjórn Greiðslumiðlunar Íslands ehf., Motus ehf. og Gröfu og Grjót ehf. Rakel er með B.Sc. í Rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Það er mat stjórnar að öll framboð séu gild sbr. 63 gr. a hlutafélagalaga og að meirihluti frambjóðenda séu óháðir Origo hf.

Tilnefningarnefnd Origo hf. 2022 – 2023 leggur til að Ari Daníelsson, Auður Björk Guðmundsdóttir, Árni Jón Pálsson, Baddy Sonja Breidert og Hjalti Þórarinsson verði kosin í aðalstjórn félagsins á aðalfundi 21. mars 2023, sbr. skýrslu tilnefningarnefndar dagsetta 20. febrúar síðastliðinn á heimasíðu félagsins <https://www.origo.is/adalfundur>.

Það er mat tilnefningarnefndar að tillaga nefndarinnar uppfylli vel viðmið nefndarinnar um hæfni og hæfi stjórnarmanna og kröfur sem gerðar eru til góðra stjórnarháttá.